

Fyrirspurn

til atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra um makrílkvóta.

Frá Ásmundi Einari Daðasyni.

1. Hvaða rök bjuggu að baki því að við síðustu úthlutun makrílkvóta var úthlutað 514 tonnum meira en reglugerð nr. 329/2012 kveður á um að skuli ráðstafað?
2. Hvaða rök voru fyrir magntölum og skiptingu milli einstakra veiðiflokka (línu- og handfæraveiðar, ísfiskskip, frystitogarar og aflareynsluskip)?
3. Af hverju er ekki sama veiðiskylda á skipum mismunandi veiðiflokka?
4. Hversu hátt hlutfall af heildarafla fór til vinnslu, sundurliðað á einstaka veiðiflokka?
5. Hvernig er eftirliti Fiskistofu háttað með því ákvæði að ráðstafa skuli 70% af makrílafla til vinnslu?

Skriflegt svar óskast.

